

Framboð til kirkjubings

Ninna Sif Svavarsdóttir

2. kjördæmi vígðra
Skálholtskjördæmi

Ég er sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli, en þjónaði áður í Selfossprestakalli og á djúpar rætur í æsku- lýðsstarfi þjóðkirkjunnar þar sem ég starfaði um árabil.

Ég var formaður Prestafélags Íslands 2018-2022 á miklum umbrotatímum þegar prestastéttin hvarf frá því að vera embættismenn íslenska ríkisins til þess að verða starfsmenn kirkjunnar. Það var krefjandi verkefni og um leið góður skóli sem veitti mér líka mikilvæga innsýn í ólíkar starfsaðstæður í þjónustu kirkjunnar um land allt.

Sömu leiðis bý ég að þeirri reynslu að hafa setið í bæjarstjórn í tvö kjörtímabil, verið oddviti og forseti bæjarstjórnar þar sem ég skólaðist til í opinberri stjórnsýslu og þar lærði ég líka að leiða hóp sem ekki var alltaf sammála að sameiginlegri niðurstöðu. Allt ofantalið tel ég vera reynslu sem mun nýtast á kirkjubingi.

Öll þau sem kjörin eru til setu á kirkjubingi hljóta að hafa það sameiginlega markmið að vilja vinna þjóðkirkjunni gagn. Sem fulltrúi á kirkjubingi skipta vönduð vinnubrögð og öguð stjórnsýsla mig miklu máli. Að samráð og samvinna sé í hávegum höfð og að traust ríki á milli fólks sem þarf að taka mikilvægar ákvarðanir. Þá er það auðvitað lykilatriði að tryggja að fjármál kirkjunnar séu í góðu lagi og að sýna festu og ráðdeild í rekstri. Á undanförunum árum hefur mikil vinna verið unnin á kirkjubingi varðandi ytra skipulag þjóðkirkjunnar vegna nýrra þjóðkirkjulaga. Nú er brýnt að horfa til framtíðar, til framtíðarsýnar og framtíðarskipanar þjónustu og starfsemi þjóðkirkjunnar um land allt. Í þeim verkefnum vil ég gjarnan verða að liði.

